

Verklagsreglur fyrir Grunnskóla Vestmannaeyja vegna barnaverndarmála.

Efnisyfirlit

| | |
|--|---|
| 1. Um skipulag barnaverndarmála | 2 |
| 2. Markmið barnaverndarstarfs, tilkynningaskylda og upplýsingaskylda, málsmeðferð, úrræði..... | 3 |
| Markmið barnaverndarstarfs..... | 3 |
| Tilkynningaskylda og upplýsingaskylda..... | 4 |
| Málsmeðferð..... | 5 |
| Helstu úrræði samkvæmt barnaverndarlögum | 5 |
| 3. Um hvað er tilkynnt | 6 |
| 4. Verklag innan Grunnskóla Vestmannaeyja | 7 |
| Hvernig er tilkynnt?..... | 7 |
| Upplýsingagjöf um nemendur | 7 |
| 5. Samvinna Grunnskóla Vestmannaeyja og starfsmanna barnaverndarnefndar | 8 |

1. Um skipulag barnaverndarmála

Barnaverndaryfirvöld á Íslandi eru eftirtaldir aðilar:

1. **Velferðarráðuneytið** sem fer með yfirstjórn málaflokksins og ber ábyrgð á stefnumótun.
2. **Barnaverndarstofa** sem hefur m.a. það hlutverk að samhæfa barnaverndarstarf í landinu, veita barnaverndarnefndum eftirlit og ráðgjöf og stuðla að úrræðum í barnavernd.
3. **Kærunefnd** barnaverndarmála sem skjóta má til úrskurðum og einstaka ákvörðunum barnaverndarnefnda.
4. **Barnaverndarnefndir** sveitarfélaga sem gert er nánar grein fyrir hér á eftir.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir og eru þær kosnar af sveitarstjórnnum, héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags. Að baki hvernar barnaverndarnefndar skulu vera minnst 1.500 íbúar. Sveitarstjórnnum er ekki heimilt að gefa barnaverndarnefnd fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála og er einnig óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök mál. Nefndin skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum, en heimilt er að skipa allt að sjö menn ef nefndinni er ætlað að þjóna fleiri en einu sveitarfélagi. Lögð er áhersla á að í nefndinni sitji bæði konur og karlar sem skulu vera kunnir að grandvarleik og þekkja vel til þeirra mála sem nefndin fjallar um og hafi sérþekkingu á málefnum barna. Leitast skal við að skipa lögfræðing í nefndina og við ákvarðanir er varða 26. og 27. gr. barnaverndarlaga skal kalla til lögfræðing eigi hann ekki sæti í nefndinni. Heimilt er að fela félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar.

Í Vestmannaeyjum fer fjölskyldu- og tómstundaráð með hlutverk barnaverndarnefndar. Hana skipa 5 aðalmenn og jafnmargir varamenn. Lögfræðingur situr ekki í nefndinni en nefndin hefur aðgang að lögfræðingi þegar þörf krefur.

Kjörtímabilið 2010-2014 er nefndin skipuð eftirfarandi nefndarmönnum:

| <u>Aðalmenn</u> | <u>Varamenn</u> |
|----------------------------------|-----------------------|
| Helga Björk Ólafsdóttir formaður | Hildur Zoega |
| Jórunn Einarsdóttir varaformaður | Guðlaugur Friðþórsson |
| Sigurlaug Böðvarsdóttir | Kristín Valtýsdóttir |
| Jarl Sigurgeirsson | Hrönn Harðardóttir |
| Sigurhanna Friðþórsdóttir | Guðjón Rögnvaldsson |

Með *Reglum um könnun og meðferð barnaverndarmála* sem síðast voru endurskoðaðar vorið 2011 er ákveðnum starfsmönnum fjölskyldu- og fræðsluviðs veitt heimild og vald til að kanna og fara með einstök barnaverndarmál í umboði nefndarinnar. Starfsmenn hafa heimild og skyldu til að kanna mál, gera greinargerðir, meðferðaráætlanir, útvega stuðningsúrræði skv. frekari vinnureglum þar um og leggja mál fyrir nefndina þegar þörf krefur.

Að jafnaði eru mál ekki kynnt barnaverndarnefnd fyrr en mál hefur verið 9 mánuði í vinnslu og þörf er á áframhaldandi aðgerðum, eða ef ekki næst samkomulag við málsaðila um meðferðaráætlun. Þá eru mál sem snúa að vistun barna utan heimilis og kærur til lögreglu vegna ofbeldis gegn barni ávallt kynntar fyrir nefndinni. Starfsmenn hafa ekki heimild til að kveða upp úrskurði eða grípa til ráðstafana sem eru gegn vilja foreldra nema um neyðartilvik sé að ræða og þá þarf að bera slíkt undir nefndina innan 10 daga.

Þar sem starfsmenn nefndarinnar hafa daglegt umboð hennar berast tilkynningar til starfsmanna en nefndin fær einungis upplýsingar um tilkynningar í skýrsluformi, þ.e. fjölda tilkynninga og eðli þeirra, en ekki nöfn barna eða foreldra nema þegar mál eru komin í frekari vinnslu eins og að ofan greinir.

Starfsmenn vinna barnaverndarmál í teymisvinnu og skipta með sér verkum á vikulegum teymisfundum. Eftirtaldir starfsmenn fjölskyldu- og fræðsluviðs hafa í dag umboð til að vinna að barnaverndarmálum og skipa umrætt barnaverndarteymi:

Guðrún Jónsdóttir yfirfélagsráðgjafi gudrun@vestmannaeyjar.is

Lísa Njálisdóttir félagsráðgjafi lisa@vestmannaeyjar.is

Sólrún Gunnarsdóttir félagsráðgjafi solrun@vestmannaeyjar.is

Margrét Rós Ingólfssdóttir ráðgjafi margret@vestmannaeyjar.is

Thelma Gunnarsdóttir sálfræðingur thelma@vestmannaeyjar.is

Starfsmenn barnaverndar eru staðsettir í Ráðhúsinu, hægt er að fá viðtals- eða símatíma hjá þeim eftir samkomulagi (488 2000). Tilkynna má mál skriflega, t.d. með viðeigandi tilkynningaeyðublaði (sjá meðfylgjandi fylgiskjal) en einnig símleiðis eða í viðtali.

2. Markmið barnaverndarstarfs, tilkynningaskylda og upplýsingaskylda, málsmeðferð, úrræði

Markmið barnaverndarstarfs

Markmið barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Í því felst m.a. skylda til að kanna aðstæður barna þegar grunur leikur á að þau búi við ofangreindar aðstæður, veita nauðsynlegan stuðning og beita úrræðum til verndar börnunum þegar við á.

Hagsmunir barna eiga að vera leiðarljós í öllu starfi barnaverndarnefnda og ætíð ber að leita þeirra lausna sem börnum er fyrir bestu. Á sama tíma skal gætt að friðhelgi fjölskyldna og réttaröryggi og ávallt ber að grípa til vægasta úrræðis sem að gagni getur komið.

Tilkynningaskylda og upplýsingaskylda

Tilkynningaskylda getur verið bæði almenn skv. 16. gr. barnaverndarlaga eða sérstök skylda þeirra sem hafa afskipti af börnum skv. 17.gr. barnaverndarlaga.

16. gr. Tilkynningarskylda almennings.

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
- c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu lífurni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.

Tilkynnendur skv. 16.gr. barnaverndarlaga geta óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd.

17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, náms- og starfsráðgjöfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Tilkynnendur skv. 17.gr. barnaverndarlaga njóta ekki nafnleyndar. Hins vegar er gert ráð fyrir því að tilkynning berist að jafnaði í nafni stofnunar en ekki einstakra starfsmanna.

Ekkert er því til fyrirstöðu að tilkynna oftast en einu sinni um sama barnið. Í raun er nauðsynlegt að tilkynnt sé í hvert skipti sem áhyggjur eru af velferð barnsins því barnaverndaryfirvöld þurfa að geta metið hvort úrræði séu að skila árangri.

Mikilvægt er fyrir barnaverndarnefndir að eiga greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um börn og foreldra við könnun barnaverndarmáls til að meta aðstæður barnsins. Upplýsingaskyldan gildir óháð því hvort viðkomandi stofnun hefur tilkynnt um málið til barnaverndarnefndar eða ekki. Rétt er að benda á að upplýsingaskyldan er ekki gagnkvæm og öll upplýsingagjöf um vinnslu málsins frá barnaverndarnefnd til skóla er háð samþykki og vitund foreldra.

44. gr. Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd.

Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaut í té upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um heilsu barns, foreldra þess og annarra heimilismanna, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipti geti máli fyrir úrlausn málsins.

Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalist eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té upplýsingar og afrit nauðsynlegra gagna sem þessar stofnanir búa yfir um barn, foreldra þess og aðra heimilismenn sem varðað geta málið.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst.

Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.

Málsmeðferð

Þegar tilkynning berst er hún metin á teymisfundi starfsmanna og ef talin er ástæða til að kanna málið frekar er málið opnað sem barnaverndarmál. Foreldrum er að jafnaði kynnt strax að tilkynning hafi borist og þau boðuð til viðtals, stundum er barn einnig boðuð til þessa fyrsta viðtals ef eðli máls og aðstæður gefa tilefni til. Leitað er upplýsinga hjá þeim sem þekkja barnið best, s.s. skóla, leikskóla, e.t.v. hjá ættingjum, einnig oft hjá heilbrigðisyfirvöldum og lögreglu. Könnun máls má að hámarki taka fjóra mánuði og að þeim tíma liðnum skal liggja fyrir greinargerð um hvort þörf sé á úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum eða hvort máli sé lokað. Ef þörf er á frekari úrræðum er gerð meðferðaráætlun sem gildir í afmarkaðan tíma. Í meðferðaráætlun er kveðið á um hvaða breytinga sé þörf, hlutverk barnaverndaryfirvalda, foreldra og barns ef við á til að ná fram breytingum og endurskoðunarákvæði. Við endurskoðun áætlunar er metið hvernig markmið áætlunar hefur náðst og hvort þörf sé á endurnýjun áætlunar eða hvort loka eigi málinu.

Helstu úrræði samkvæmt barnaverndarlögum

Helstu úrræði samkvæmt barnaverndarlögum eru eftirfarandi:

Inni á heimili með samþykki foreldra og barns

Leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns

Beita úrræðum samkvæmt öðrum lögum í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir

Útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu

Aðstoða foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála

Utan heimilis með samþykki foreldra og barns

Taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa barni í fóstur

Taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leita annarra úrræða til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings

Inni á heimili án samþykkis foreldra og barns (með úrskurði sem kæra má til kærunefndar barnaverndarmála)

Kveða á um eftirlit með heimili

Gefa fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, lækniþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun

Ákveða að ekki megi fara með barnið úr landi

Utan heimilis án samþykkis foreldra og barns (dómstólameðferð)

Úrskurða um vistun barns utan heimilis í allt að tvo mánuði

Fara fram á við dómstól að barn sé vistað til allt að 12 mánaða utan heimilis

Fara fram á við dómstól að foreldrar verðir sviptir forsjá yfir barni sínu

3. Um hvað er tilkynnt

Barnaverndarmál skiptast í 4 meginflokka og nokkra undirflokka:

1. Vanræksla

Líkamleg vanræksla

Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit

Vanræksla varðandi nám

Tilfinningaleg/sálræn vanræksla

2. Ofbeldi

Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi

3. Heilsa eða líf ófædds barns í hættu

4. Áhættuhegðun barns

Neysla barns á vímuefnum

Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu

Afbrot barns

Barn beitir ofbeldi

Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt

Vísað er til meðfylgjandi tilkynningaeyðublaðs og gátlista varðandi frekari skilgreiningar á ofangreindum flokkum.

4. Verklag innan Grunnskóla Vestmannaeyja

Hvernig er tilkynnt?

Nokkrar leiðir eru til að koma tilkynningu á framfæri:

1. Oftast er gert ráð fyrir því að tilkynning berist í nafni stofnunar. Stjórnandi (skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri í hans forföllum) skrifar undir tilkynninguna og/eða kemur henni á framfæri við starfsmenn barnaverndar. Ábending eða upplýsingar um málið geta hins vegar komið frá öðrum starfsmönnum skólans, t.d. kennara, skólaliða eða stuðningsfulltrúa. Viðkomandi starfsmaður ber þá málið upp við skólastjóra og óskar eftir því að málið sé tilkynnt til barnaverndar.

2. Starfsmenn hafa einnig möguleika og skyldu til að tilkynna sjálfir ef ekki er talið rétt að yfirmaður tilkynni í nafni stofnunar. Slík tilvik gætu komið til t.d. ef starfsmaður og yfirmaður eru ekki sammála um alvarleika máls, þegar skyldleika/vinatengsl gætu haft áhrif eða þegar málið er þegar í vinnslu barnaverndar og samstarf er komið á milli starfsmanns skóla, barnaverndar og foreldris.

3. Hægt er að koma tilkynningu á framfæri með því að óska eftir því að starfsmaður barnaverndar mæti á foreldrafund þar sem innihald tilkynningar er rætt við foreldri og barn ef við á. Á þeim fundi er í sameiningu hægt að komast að þeirri niðurstöðu að málinu skuli vísað til barnaverndar til frekari meðferðar.

4. Nemendaverndarráð getur einnig tekið þá ákvörðun að tilkynna mál til barnaverndar eftir að hafa fjallað um málið. Dæmi um slík mál gætu verið óskýrð vanlíðan eða hegðun barns sem kemur niður á námi, þegar mætingum er ábótavant og ekki hafa fundist leiðir til úrbóta, eða eineltismál sem ekki hefur tekist að leysa með hefðbundnum leiðum.

Rétt er að upplýsa foreldra ávallt um ferli máls, þ.m.t. að tilkynning verði send barnavernd til að stuðla að áframhaldandi samvinnu skóla við foreldra eftir því sem kostur er. Undantekning getur hins vegar verið á því, t.d. ef grunur leikur á að barn sé beitt ofbeldi heima fyrir.

Þegar tilkynning berst barnaverndarnefnd er tilkynnanda send staðfesting um að hún hafi borist og gefnar eru almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.

Upplýsingagjöf um nemendur

Þegar barnaverndarnefnd óskar upplýsinga um aðstæður, líðan og hegðun barns skv. 44. gr. barnaverndarlaga er nauðsynlegt að þær upplýsingar séu gefnar af þeim aðila sem þekkir best til barnsins en einnig er rétt að tryggja eftir fremsta megni að slík upplýsingagjöf komi ekki niður á samstarfi skóla og heimilis. Almenna reglan ætti því að vera sú að stjórnandi (skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri í hans forföllum) svari slíku erindi í nafni stofnunar eftir að hafa leitað álits umsjónarkennara og/eða annarra þeirra sem að barninu koma. Undantekningar geta verið á þeirri reglu og þá helst með svipuðum hætti og kemur fram í kafla hér á undan um tilkynningar. Ávallt skal

gætt fyllsta trúnaðar í þessum tilvikum og gæta þess að fyrirspurn eða upplýsingar fari ekki víðar innan stofnunar en þörf krefur auk þess sem þeir sem koma að málinu skulu sérstaklega minntir á trúnaðar- og þagnarskyldu.

5. Samvinna Grunnskóla Vestmannaeyja og starfsmanna barnaverndarnefndar

Auk þeirra þátta sem þegar hefur verið fjallað um er rétt að geta þess að samvinna milli Grunnskóla Vestmannaeyja og starfsmanna barnaverndarnefndar/félagsþjónustu er með ýmsum hætti.

Kennarar og annað starfsfólk geta fengið ráðgjöf hjá starfsmönnum barnaverndar um almenna vinnslu barnaverndarmála. Áður en tekin er ákvörðun um að tilkynna til barnaverndarnefndar er til dæmis hægt að leita ráðgjafar með óformlegum hætti, t.d. án þess að gefa upp nafn barns og fá þannig mat á það hvort aðstæður, hegðun eða líðan viðkomandi barns kalli á barnaverndarafskipti.

Aðkoma starfsmanna barnaverndarnefndar/félagsþjónustu getur einnig verið með öðrum hætti og án þess að mál barns sé skilgreint sem barnaverndarmál. Þannig er hægt að fá ráðgjöf starfsmanna t.d. inn í nemendaverndarráð eða við einstaka kennara/starfsmenn.

Þegar mál eru til vinnslu sem barnaverndarmál er einnig möguleiki á virkri samvinnu barnaverndar og grunnskóla, t.d. með teymisfundum og gagnkvæmri upplýsingagjöf. Slík samvinna er ávallt háð samþykki og vitund foreldra.

Gert er ráð fyrir reglubundinni fræðslustarfsemi innan Grunnskóla Vestmannaeyja um barnavernd. Stefnt er að almennum fyrirlestri og umræðum þriðju hverja önn, en oftast ef þörf krefur og/eða ef ósk kemur fram um sérstaka fræðslu.